



Borgafjarðarvegur nr. 94

Njarðvík og Njarðvíkurskriður

Vegagerðin

Kynningarskýrsla

18. september 2018



Forsíðumynd er: Borgarfjarðarvegur nr. 94 við Landsenda. Mynd Sk. Smári, 2018

Logg landfræði & ráðgjöf

Skarphéðinn Smári Þórhallsson

Fagradalsbraut 11

700 Egilsstaðir

Sími: 868 6836

@: logg@logg.is

www.logg.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	i
MYNDASKRÁ	i
1 Yfirlit	1
2 NÚVERANDI VEGUR.....	2
3 FRAMKVÆMDALÝSING	3
4 EFNISÞÖRF	3
5 HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF	4
5.1 Áhrif á landeigendur og landnotkun	4
5.2 Áhrif á vatn.....	4
5.3 Áhrif á mannlíf.....	4
5.4 Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun.....	5
5.5 Landslagið á framkvæmdasvæðinu.....	5
5.6 Áhrif á gróðurfar, fugla og fiska	5
5.7 Áhrif á menningarminjar	5
6 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR	5
7 FRÁGANGUR	6
8 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA.....	6
9 NIÐURSTAÐA	7
10 TEIKNINGAR	8

MYNDASKRÁ

Mynd 1 Yfirlitskort, staðsetning framkvæmdarsvæði	Kort: Sk. Smári 2018	1
Mynd 2: Borgarfjarðarvegur (94) Njarðvíkurskriður, horft í vesturátt	(Mynd: Sk. Smári, 2018)	2
Mynd 3: Beygjur og blindhæð í Miðgili.	(Mynd: Sk. Smári, 2018).....	3
Mynd 4: Klappar skerðing í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku).	(Mynd: Sk. Smári, 2018).....	4

1 Yfirlit

Vegagerðin fyrir hugar endurbætur á Borgarfjarðarvegi (94), í Njarðvíkurskriðum, frá stöð 13200 og að stöð 18000 (Teikning Z002). Framkvæmdin er í Borgarfjarðarhrepp N.-Múlasýslu. Um er að ræða lagfæringu á núverandi vegi og lagningu bundins slitlags á um 4,8 km löngum kafla. Frá stöð 13200 að 14880 var fjallað um framkvæmdina í Kynningaskýrslu Borgarfjarðarvegur (94 - 07) 20.01. 2012 en í þessari kynningarskýrslu verður fjallað um alla framkvæmdina vegur nr. 94 – 07 og 94 – 08 alls 4,8 km kafla. Í skýrslunni er fjallað um heildamagn vegna framkvæmdarinnar.



Mynd 1 Yfirlitskort, staðsetning framkvæmdarsvæði

(Kort: Sk. Smári 2018)

Frá stöð 13200 og að stöð 16050 og frá 17850 að 18000 fylgir veglínan núverandi vegi en frá stöð 16050 og að stöð 16500 og frá stöð 17650 að stöð 17850 verður veglínunni að hluta breytt til að lagfæra beygjur. Framkvæmdin telst ekki matsskyld samkvæmt 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Vegagerðin taldi að um væri að ræða framkvæmd sem félli undir tölulið 10.10, flokk C í viðauka 1 við lög um mat á umhverfisáhrifum og því var framkvæmdin upphaflega tilkynnt til sveitarfélagsins. Við nánari skoðun kom í ljós að framkvæmdin kynni að raska fornleifum og félli því undir lið 10.09 flokk B í 1. viðauka við lögina. Um er að ræða enduruppbyggingu vegar utan þéttbýlis á verndarsvæði og framkvæmdin því tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Áætlað er að framkvæmdir hefjist seinnipart ársins 2018 og þeim verði að fullu lokið fyrir haustið 2019

Framkvæmdin er unninn í röskuðu landi og sérsaklega hafa verið mikil efnistilfærsla í Njarðvíkurskriðunum sjálfum frá því að um þær var gerður ak fær vegur árið 1950. Fjórum árum síðar eða árið 1954 opnaðist vegur frá Borgarfirðir eystri til Egilsstaða og í gegnum árin hefur hann verið breikkaður og gerður öruggari eftir því sem kröfurnar hafa aukist og aðstæður breyst.

Áætluð efnispörf til framkvæmdarinnar er um 112.000 m³, þar af um 84.000 m³ úr skeringum með vegi.

Framkvæmin er í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi með því m.a. að auka umferðaöryggi og leggja bundið slitlag á veginn. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.



Mynd 2: Borgarfjarðarvegur (94) Njarðvíkurskriður, horft í vesturátt

(Mynd: Sk. Smári, 2018)

2 NÚVERANDI VEGUR

Sá kafli vegarins sem hér um ræðir er stofnvegur (94-07 og 94-08) og vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu núverandi vegar. Vegurinn er um 7 m breiður vegur með 6,3 breiðu malar slitlagi og meðalumferð á dag yfir árið (ÁDU) ≤ 500 (Mynd 1).

Breidd ak brautar er 3 m. Frá árinu 2011 hefur árdagsumferð á Borgarfjarðarvegi (94) aukist um 96% og árið 2017 var umferð á veginum 142 bílar/sólarhring. Á sama tíma hefur sumardagsumferð aukist um 100% og var komin í 310 bílar/sólarhring árið 2017. Miðað við að sé um 5% aukning á ári að meðaltali og umferðin framreiknuð til 2030 verður árdagsumferð komin í 268 bílar/sólarhring, 5% aukning er á sumardagsumferð 585 bílar/sólarhring. Rétt er að benda á að í kringum tvo viðburði, Bræðsluna og Álfaborgarsjens, sem haldnir eru á Borgarfirði í 30. og 31. viku fer umferðin í um 1050 bílar/sólarhring og verður þá mikil rykmengun í Njarðvík þegar vegurinn þurr.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

Vegsvæðið sem umræðir er í Njarðvík frá stöð 13200, sem er innan við Ytri-Hvannagilsá, að stöð 18000, sem er við Landsenda. Endurbyggður vegur verður 6,5 m breiður í Njarðvík út að Njarðvíkurskriðum, en þar verður vegbreidd 7,7 m með 6,3 m breiðu slitlagi. Alls um 4,8 km langur kafli og er að stærstum hluta á sama vegstæði að undanskildum kafla á milli stöðva 16050 og 16500 og milli stöðva 17650 og 17850 á þeim kafla verða vegurinn gerður beinni og beygjur minnkaðar eða öruggari.



Mynd 3: Beygjur og blindhæð í Miðgili.

(Mynd: Sk. Smári, 2018)

Frá stöð 13200 er um að ræða styrkingu og afréttingu á núverandi vegi. Styrktar lag verður endurnýjað, lagt burðarlag og klæðing verður sett á allan vegkaflann með tilheyrandi lagfæringum á vegfláum. Víða eru skeringar meðfram vegi, flestar eru grunnar hliðarskeringar, en nokkrar eru stærri til að auka sjónlengdir í beygjum.

4 EFNISÞÖRF

Áætluð efnisþörf í verkið, frá stöð 13200 að stöð 18000, er um 112.000 m³ þar af er efni í fyllingar og fláafleyga, um 84.000 m³, verður fengið úr skeringum í vegstæði. Áætlanir um efnisþörf gera ráð fyrir að fyllingarefni og efni í styrktar lag mun fást úr Ytri-Hvannagilsá þarf sem lagfæra þarf farvegi vegna ræsagerðar og Njarðvíkurá alls 20.000 m³. Efni í burðarlag og klæðningu verður fengið úr klappar skerðingu ofan vegar í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku) alls 7.500 m³, sjá mynd 3 og verður það efni unnið í námu við Innri-Hvannagilsá. Vegalengd frá þeirri námu og niður að útboðsmörkum í stöð 13200 er um 4,5 km (sjá teikningu Z800).



Mynd 4: Klappar skerðing í Neðra – Vatnsskarði (Sprengibrekku).

(Mynd: Sk. Smári, 2018)

5 HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Að mati Vegagerðarinnar munu endurbætur á Borgarfjarðarvegi um Njarðvíkurskriður ekki hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

5.1 Áhrif á landeigendur og landnotkun

Framkvæmdin er í landi Njarðvíkur 1, Njarðvíkur 3, Borgar og Snotruness auk þess í landi Vegagerðarinnar sem áður hefur verið keypt. Ekki verður fara inn á ræktað land og sú breyting sem er lögð til fer um óræktað land. Ekki er gert ráð fyrir að raska þurfi girðingum á framkvæmdatíma. Þar sem um minniháttar tilfærslu á vegi er að ræða er gert ráð fyrir að áhrif hans á landeigendur og landnotkun verði óveruleg.

5.2 Áhrif á vatn

Framkvæmdin mun ekki hafa teljandi áhrif á vatn á framkvæmdarsvæðinu nema á framkvæmdar tímanum við efnistöku og gerð ræsa.

5.3 Áhrif á mannlíf

Vegfarendur um Borgarfjarðarveg um Njarðvíkurskriður og íbúar í Njarðvík munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna mun öruggari og betri samgangna og minni rykmengunar.

5.4 Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Á framkvæmdatíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Íbúðarhús eru í um 500 m fjarðlægð frá framkvæmdasvæði og truflun af hljóðmengun gæti verið óveruleg. Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari og draga mun úr hljóðmengun og loftmengun mun minnka umtalsvert.

5.5 Landslagið á framkvæmdasvæðinu

Þar sem veglína helst að mestu leiti óbreytt er talið að áhrifin á landslagið verði takmörkuð. Þá verður frágangur með þeim hætti að sáð verður í vegkanta þeim tegundum sem henta fyrir svæðið. Gert er ráð fyrir að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt. Ekki verða fláar í Njarðvíkurskriðum græddir upp enda falla betur inn í landslagið ógrónir.

5.6 Áhrif á gróðurfar, fugla og fiska

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Aðallega er um að ræða mólendi á stuttum kafla en annars er verið að vinna á þeim vegi sem er þegar til staðar. Gróðurlendi mun skerðast lítillega þar sem ný veglína vikir út af núverandi vegi. Aðallega er um að ræða mólendi og hálf- eða lítt gróið land. Framkvæmdin gæti haft tímabundin áhrif á fugla og fiska meðan á framkvæmdum stendur. Sjóbirtingur gengur upp í Njarðvíkurá en ekki í miklu magni að sögn Jakobs Sigurðssonar ábúenda á Hlíðartúni. Það hefur ekki verið starfrægt veiðifélag um þessa á og ekki seld veiðileyfi. Reiknað er með að áhrif á gróður, fugla og fiska verði almennt óveruleg.

5.7 Áhrif á menningarminjar

Vegagerðin mun vera samráð við Minjavörð Austurlands og tekin hafi verið ákvörðun um að láta rannsaka hvort framkvæmdin raski fornleifum. Framkvæmdin á ekki að hafa áhrif á fornleifar.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir. Vitað er um gamlar reiðgötur sem eru nokkuð neðan við vegstæðið á Landsenda og munu ekki verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Eins er Skriðnakrossinn miðja vegu skriðunum sem ekki verður hróflað við.

6 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfis skyld samkvæmt 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, og hefur Vegagerðin því sótt um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Borgarfjarðarhrepps.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun). Þá hefur verið haft samráð við landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, sveitarstjórn Borgarfjarðarhrepps og Fiskistofu.

7 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa.

Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Öllu raski í ánni verður haldið í lágmarki.

Frágangi á vegskeringum verðu hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Aðlaga þarf brúnir vegskeringa að landinu í kring, svo þær verði ekki eins áberandi.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Ef girðingum verður raskað verða þær lagfærðar í samráði við landeigendur.

8 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft.
- Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námu vegna efnistöku í Njarðvíkurá.
- Í útboðsgögnum verður er skilyrt að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Verktaki mun afla tilskilinna leyfa til uppsetningar vinnubúða og skal það gert í samráði við umsjónarmann verkkaupa, Heilbrigðiseftirlit, viðkomandi sveitarstjórnir og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.
- Varúðar skal gætt í meðferð olíu og annarra mengandi efna. Þess skal gætt að tækjakostur sé í góðu ástandi og að ekki sé um olíu- eða glussaleka að ræða


9 NIÐURSTAÐA

- Breytt lega er á um 500 m og vegur sem fyrir er um 4.3 km verður styrktur, styrktar lag rétt af, og burðarlag lagt og allur vegurinn klæddur .
- Efnistaka verður úr vegskeringum á vegsvæði, námum í Njarðvíkurá og úr klappaskerðingu í Litla – Vatnsskarði (Sprengibrekku).
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem bundið slitlag lagt á veg sem er nú með mararslitlag og krappar beygjur verða lagðar.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg.

10 TEIKNINGAR

Teikning 1. Mannvit (2018): Yfirlitsmynd Njarðvík, mkv. 1 : 5.000

Teikning 2. Mannvit (2018): Yfirlitsmynd Njarðvíkurskriður, mkv. 1 : 5.000



Skýringar:

Vegnló
Eftirgefanlegur vegriðsendi
Grjótkassar

Gömul gata
Jarðsmástrengur
Háspennullitur
Háspennustrengir í jörð

Fylling
Tenging
Skering

Fastmerki 6017
Rannsóknarholur XX-XX

Ræsi
Efnisdákusvæði
Námuvegur



Verknumér 1.741.248

Útg.	Breyting	Dags.	Nafn



Vegagerðin	
Mælikvarði	Hannað VJ
1:6000	Teknað VJ
	Yfirfarð -
Bladstærð	Samþykkt -
A3	

BORGARFJARÐARVEGUR	
YTRI HVANNAGILSÁ - NJARÐVIKURSKRÍÐUR	
YFIRLITSMYND	
NJARÐVIK	

Dags.	17.09.2018
Útböðnr.	
Vegnr.	94 07-08
Hönnunartg	Verkhönnun
Tekn. nr.	
Útg.	A



Skýringar:



Verkúmer 1.741.248

Utg.	Breyting	Dags.	Nah.

Mælikvæði	Hannað VJ
1:5000	Telknað VJ
	Yfirfarð -
Bláðstaðir A3	Samþykkt -

BORGARFJARÐARVEGUR	
YTRI HVANNAGILSÁ - NJARÐVÍKURSKRIÐUR	
YFIRLITSMYND	
NJARÐVÍKURSKRIÐUR	

Dags.	17.09.2018
Útboðsnr.	
Vegnr.	94 07-08
Hönnunarsitg	Verkhönnun
Telkn. nr.	
Utg.	A